

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbrefts og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að fráregnum útgáfudegi húsbrefts. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbrefts á gjalddaga, sbr. 22. gr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

33. gr.

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbrefadeildarinnar, sbr. 26., 28. og 29. gr.

34. gr.

Húsbrefadeild hefur heimild til að hafna skiptum á húsbrefum fyrir fasteignabréf ef sýnt þykir að um málamyndagering sé að ræða.

35. gr.

Húsbrefadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

33. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. mars 1997.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur er taki gildi 1. apríl 1997:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3% frá og með 1. apríl 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. mars 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.